

Fundur Foreldrafélags 15.1.2008

Mættir voru Helga, María Fjóla, Kalla, Hjálfríður, Solveig og Ragnheiður.

Nýja hljóðkerfið er komið upp og þarf að semja við bærarstjóra um að greiða hluta af kerfinu.

Áramótabrenna tókst vel og var óvenju fjölmennt, þar sem ekki var áramótabrenna á vegum bæjarins.

Laufabrauðsdagur var rekinn með tapi og var ákveðið að það þyrfti að hækka verðið á Laufabrauði á næsta ári einnig þarf að athuga hvort ekki sé hægt að fá ófrosin Laufabrauð.

Framhaldsskólakynning er í Való 16.1.2008 og tóku Helga og María Fjóla að sér að sjá um kaffið.

Öskudagur er 6. feb. Og var ákveðið að hafa aðeins eina skemmtun og reyna að færa hana í fyrra horf þ.e. hafa í íþróttahúsi og sjá hvort mæting verður ekki betri en síðast. Reyna á að fá skemmtiatriði t.d. Lalla töframann og jafnvel eitthvað atriði úr leikhúsum. Helga ætlar að hafa samband við Margréti í Selinu.

Ákveðið var að kynna könnun á líðan barna í skólanum sem var gerð á síðasta ári, en engin dagsetning ákveðin.

Ákveðið var að óska eftir fundi með bærarstjóra.